



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 18. nóvember 2020

Efni: Umsög um tillögu til þingsályktunartillögu um mótun efnahagslegra hvata til að efla ræktun orkujurta á Íslandi – 107 mál.

Með rafbréfi, dags 17. nóvember sl., sendi umhverfis og samgöngunefnd Landgræðslunni, til umsagnar, tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagslegra hvata til að efla ræktun orkujurta á Íslandi.

Fyrirliggjandi þingsályktun er nú endurflutt í nánast óbreyttu formi en áður var málið flutt í 150. þingi – sjá 44. mál. Landgræðslan sendi umsögn um málið á 150. þingi og vísast til þeirra athugasemda.¹

Sé tekið tillit fyrri athugasemda Landgræðslunnar þá telur stofnunin um mjög þarft mál að ræða og leggur til að þingsályktunin verði samþykkt. Með samþykkt – og svo síðar framkvæmd – þeirrar auknu ræktunar sem inntak þingsályktunarinnar felur í sér mun án vafa land verða tekið til nýtingar sem núna er ekki í nýtingu. Með því móti aukum við sem þjóð akuryrkjuland í notkun sem svo aftur færir okkur nær sjálfbærni í matvælaframleiðslu.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslunnar

Birkir Snær Fannarsson

¹ <https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-276.pdf>